

Tillögur að breytingum á samþykktum Hinsegin daga í Reykjavík

Til afgreiðslu á aðalfundi, 21. nóvember 2022

Í núverandi samþykktum	Breytingartillaga
<p>3.2 Til aðalfundar skal boða með tveggja vikna (14 daga) fyrirvara á sannanlegan hátt, t.d. með tölvupósti, á Facebook síðu og á vefsíðu félagsins. Um leið og boðað er til aðalfundar skal lýsa eftir framboðum til stjórnarkjörs. Framboð skulu berast stjórn skriflega þremur sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Frambjóðendur skulu tilgreina embætti sem sóst er eftir. Kjörgeng til stjórnarkjörs eru félagar í RP sem starfað hafa að minnsta kosti að einni hátíð Hinsegin daga með samstarfsnefnd. Kosið er um einstaklinga í hvert embætti stjórnar en ekki lista.</p>	<p>3.2 Til aðalfundar skal boða með tveggja vikna (14 daga) fyrirvara á sannanlegan hátt, t.d. með tölvupósti, á Facebook síðu og á vefsíðu félagsins. Um leið og boðað er til aðalfundar skal lýsa eftir framboðum til stjórnarkjörs. Framboð skulu berast stjórn skriflega þremur sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Frambjóðendur skulu tilgreina embætti sem sóst er eftir. Kjörgengir til stjórnarkjörs eru félagar í RP. Kosið er um einstaklinga í hvert embætti stjórnar en ekki lista.</p>
<p>3.3 Starfsár félagsins er milli hátíða Hinsegin daga í Reykjavík – Reykjavík Pride.</p>	<p>3.3 Starfsár félagsins fylgir reikningsári félagsins sem nánar er kveðið á um í lögum þessum.</p>
<p>4.3 Hverfi einhver stjórnarmanna úr stjórn á kjörtímabili skal stjórnin skipa staðgengil hans sbr. grein 3.2 um kjörgengi til stjórnar. Ef tveir eða fleiri stjórnarmenn hverfa úr stjórn skal stjórnin kalla til félagsfundar og efna þar til kosninga um nýja stjórnarmenn til næsta aðalfundar.</p>	<p>4.3 Hverfi einhver stjórnarmanna úr stjórn á kjörtímabili skal stjórnin skipa staðgengil hans sbr. grein 3.2 um kjörgengi til stjórnar. Ef tveir eða fleiri stjórnarmenn hverfa úr stjórn skal stjórnin kalla til félagsfundar og efna þar til kosninga um nýja stjórnarmenn til næsta aðalfundar. Til félagsfundar skal boðað með sama hætti og aðalfundar eins og kveðið er á um í grein 3.2.</p>

<p>4.6 Stjórn skipar starfsmenn og nefndir til einstakra verka eftir því sem þurfa þykir svo sem til fjáröflunar, umsjónar með innkaupa- og sölumálum, samskipta við fjölmiðla, göngustjórnar, dagskrárstjórnar hátíðahalda og ritstjórnar vefsíðu og dagskrárrits. Stjórn ábyrgist gerðir þessara aðila og fylgist með því að settum starfsreglum sé fylgt. Stjórn hefur umboð til að skipa launað starfsfólk til tiltekinna verka.</p>	<p>4.6 Stjórn skipar nefndir og undirstjórnir til einstakra verka eftir því sem þurfa þykir. Stjórn félagsins ábyrgist gerðir þessara aðila og fylgist með því að settum starfsreglum sé fylgt. Stjórn hefur umboð til að ráða til starfa launað starfsfólk.</p>
<p>5 SAMSTARFSNEFND</p> <p>5.1 Samstarfsnefnd um Hinsegin daga starfar með stjórn að verkefnum hvers árs. Rétt til þátttöku í samstarfsnefnd eiga félagar RP. Halda skal skrá yfir virka féлага í samstarfsnefnd á hverju ári. Stjórn skal boða hið minnsta til eins fundar í samstarfsnefnd í maí/júní og senda fundarboð til félaga með a.m.k. einnar viku fyrirvara hið minnsta.</p> <p>5.2 Formaður stjórnar eða fulltrúi hans stýrir fundum hennar og halda skal fundargerðir þessara funda.</p> <p>5.3 Samstarfsnefnd er stjórn til stuðnings og aðhalds, hún gerir tillögur til stjórnar og myndar kjarnann í framkvæmdaafli félagsins í samvinnu við stjórn.</p>	<p>5 SAMSTARFSMÁL</p> <p>5.1 Stjórn skal leitast við að eiga í samtali og samstarfi við önnur félög hinsegin fólks og hinsegin samfélagið í heild.</p> <p>5.2 Eftir að hátíð hvers árs er lokið skal stjórn halda opinn fund þar sem fram fer endurmat á dagskrá og framkvæmd hátíðarinnar. Stjórn er heimilt að halda fleiri opna fundi eftir því sem þurfa þykir.</p> <p>5.3 Þegar við á, skal stjórn hafa frumkvæði að samtali og samstarfi á milli hinsegin hátíða á Íslandi.</p>

<p>6.5 Verði hagnaður af rekstri félagsins getur stjórn gert tillögur til aðalfundar um veitingu fjárstyrkja í því skyni að efla menningar- og félagsstarf hinsegin fólks á Íslandi, skv. markmiðum félagsins eins og þeim er lýst í grein 1.2., lið 2.</p>	<p>6.5 Verði hagnaður af rekstri félagsins getur stjórn gert tillögur til aðalfundar um ráðstöfun þess hagnaðar að hluta eða í heild. Þess utan hefur stjórn heimild til að veita tilfallandi styrki enda rúmist þeir innan fjárhagsáætlunar. Ráðstöfun hagnaðar og styrkveitingar skulu hafa það að markmiði að efla menningar- og/eða félagsstarf hinsegin fólks á Íslandi.</p>
<p>7.2 Tillögur að breytingum á samþykktum skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 1. október og skulu sendar út með aðalfundarboði.</p>	<p>7.2 Tillögur að breytingum á samþykktum skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. október og skulu sendar út með aðalfundarboði.</p>